

## **76. fundur hverfisnefndar Oddeyrar 26. ágúst 2019**

**Mætt eru: Berglind Ósk Óðinsdóttir, Ómar Valur Steindórsson, Halldóra Konráðsdóttir og undirritaður.**

### **1. Uppbyggingarsvæði**

- 1.1. Rætt um reitinn sem afmarkast m.a. af Strandgötu, Kaldbaksgötu og Hjalteyrargötu. Hefur hverfisnefnd haft veður af hugmyndum um allt að 6-11 hæða hús á því svæði. Á hvaða stigi í ferlinu eru þær hugmyndir? Skiptar skoðanir eru innan nefndar, en nefndin er nokkuð einhuga um að 11 hæðir séu allt of hátt á þessum stað. Hverfisnefnd fagnar að öðru leyti uppbyggingu á þessu svæði, og telur æskilegt að þarna verði blönduð byggð; íbúðir og þjónusta.
- 1.2. Hverfisnefnd leikur forvitni á að vita, hvernig skipulagi Hvannavallareits svokallaða er ástatt ?

### **2. Umhverfis- og gatnamál**

- 2.1. Rætt um fleyglaga reitinn milli Ægisgötu og Hjalteyrargötu. Hverfisnefnd teldi æskilegt að þarna yrði plantað fleiri trjám og jafnvel komið upp blómabæðum, þó þannig að áfram yrði unnt að nýta svæðið undir snjóruðninga.
- 2.2. Hverfisnefnd ítrekar, að þörf er á fleiri rusladöllum innan hverfisins, m.a. við Norðurgötu og við grænu svæðin. (t.d. téðan fleyglaga reit í lið 2.1. að ofan)
- 2.3. Endurnýja mætti eða „lappa upp á“ leiktæki og ýmislegt annað á lóð Iðavallar, margt komið á viðhald þar.
- 2.4. Hverfisnefnd vill ítreka nauðsyn þess, að flái sé á kantsteinum við gatnamót, v. hjóla og barnavagna o.þ.h.

### **3. Önnur mál**

Hverfisnefnd myndi gjarnan vilja eiga fund með viðeigandi eða þar til bærum aðilum á vegum bæjarins, koma á framfæri fyrirspurnum (- og fá svör ef mögulegt er) og hugmyndum varðandi framkvæmdir sem nefnd hefur mælt með.

Á kaffihúsinu Bláu könnunni, Hafnarstræti 96,

26. ágúst 2019

Arnór Bliki Hallmundsson, ritari stjórnar Hverfisnefndar Oddeyrar.